

Alþingiskosningar 25. september 2021

General elections to the Althingi 25 September 2021

Samantekt

Kosið var til Alþingis 25. september 2021. Við kosningarnar voru alls 254.586 á kjörskrá eða 69,0% landsmanna. Af þeim greiddu 203.898 atkvæði eða 80,1% kjósenda. Kosningabátttaka kvenna var 81,5% en karla 78,7%. Kosningabátttakan var breytileg eftir aldri og var hún minni meðal yngri en eldri kjósenda. Kosningabátttakan var 83,0% á meðal einstaklinga sem hafa engan erlendan bakgrunn á meðan hún var 42,1% á meðal innflytjenda. Við kosningarnar greiddu 47.696 manns atkvæði utan kjörfundar eða 23,4% en sambærilegt hlutfall var 18,6% í kosningunum 2017.


Í kosningunum buðu 11 stjórnálagasamtök fram lista, þar af tíu í öllum kjördæmum. Af 1.282 frambjóðendum á landinu öllu voru 677 karlar, eða 52,8% og 605 konur, 47,2%. Voru konur tæplega helmingur frambjóðenda í fyrsta sæti listanna (45,9%) en hlutfall þeirra var nokkru hærra fyrir 2. og 3. sætið, eða 49,2%. Af kjörnum þingmönnum voru 33 karlar eða 52,4% og 30 konur, 47,6%. Fjölgaði kjörnum konum um sex frá alþingiskosningum 2017.

Úrslit kosninganna 25. september 2021 urðu þau að gild atkvæði voru 199.730 (97,9%), auðir seðlar voru 3.731 (1,8%) og aðrir ógildir seðlar 517 (0,3%). Átta stjórnálagasamtök hlutu hver um sig meira en 5% atkvæða og kjörna fulltrúa á þing. Framsóknarflokkur hlaut 17,3% gildra atkvæða og þrettán menn kjörna, Viðreisn 8,3% og fimm þingmenn, Sjálfstæðisflokkur 24,4% og 16 þingmenn, Flokkur fólksins 8,8% og sex þingmenn, Miðflokkurinn 5,4% og þrjá þingmenn, Píratar 8,6% og sex þingmenn, Samfylkingin 9,9% og sex þingmenn, Vinstrihreyfingin – grænt framboð 12,6% og átta þingmenn (mynd 1). Önnur stjórnálagasamtök fengu samtals 9.170 atkvæði sem samsvarar 4,6% gildra atkvæða.

MYND 1

Úrslit alþingiskosninga 2021

Eftir kjördæmum og stjórnmálasamtökum


 Hagstofa Íslands

Inngangur

Í þessu riti er fjallað um nokkur atriði varðandi framkvæmd alþingiskosninganna 25. september 2021. Gerð er grein fyrir kosningabátttöku, tölum um kjósendur og greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar, kjörsókn eftir aldri svo og aðstoð við kosningu. Fjallað er um frambjóðendur og framboðslista en samtals buðu ellefu stjórnmálasamtök fram. Loks er niðurstöðum kosninganna gerð skil, gildum og ógildum atkvæðum og ennfreður skiptingu atkvæða og kjörinna fulltrúa eftir stjórnmálasamtökum og kjördæmum.

Aðstoð við kosningu

Gerðar voru breytingar á kosningalögum með lögum nr. 111/2012 um aðstoð við kosningu sem tóku gildi 18. október 2012. Kjósendur, sem lögin taka til, hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi.

Hagstofa óskaði eftir svörum við eftirfarandi spurningum hjá yfirkjörstjórnunum kjördæma varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og hjá sýslumönnum varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar:

1. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar kjörstjóra við kosningu á kjörfundi?
2. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar fulltrúa sem viðkomandi hafði sjálfur valið (án vottorðs frá réttindagæslumanni)?
3. Hve margir kjósendur kusu með aðstoð fulltrúa sem viðkomandi hafði sjálfur valið og staðfest er með vottorði réttindagæslumanns?

Upplýsingar bárust frá yfirkjörstjórnnum kjördæmanna sex og öllum sýslumannsembættum sem nú eru níu talsins. Vegna kórónuveirufaraldursins sem gekk yfir landið á meðan á kosningu stóð var ákveðið að bæta við spurningarlista sýslumanna tveimur spurningum vegna aðstoðar við kosningu:

4. Hve margir kjósendur í einangrun eða sóttkví kusu í bíl?
5. Hve margir kjósendur í einangrun báðu um atkvæðagreiðslu á dvalarstað?

MYND 2

Kjósendur sem fengu aðstoð við alþingiskosningarnar 2021

	Á kjörfundi			Utan kjörfundar		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Alls	229	96	133	984	..	..
Aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns	111	47	64	601	251	350
Aðstoð fulltrúa að eigin vali	118	49	69	35	19	16
án vottorðs réttindagæslumanns	86	35	51	29	15	14
staðfest með vottorði réttindagæslumanns	32	14	18	6	4	2
Kjósendur í einangrun eða sóttkví komu akandi á kjörstað	.	.	.	307	..	..
Kjósendur í einangrun sem báðu um atkvæðagreiðslu á dvalarstað	.	.	.	41	..	..

1.213 kjósendur fengu aðstoð við kosningu

Í heild fengu 1.213 kjósendur aðstoð við að kjósa (mynd 2). Af þessum hópi fengu 984 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 229 á kjörfundi. Alls fengu 712 kjósendur aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (58,7%) en 153 aðstoð fulltrúa að eigin vali (12,6%). Vegna kórónuveirusmita völdu 307 að nýta sér þann möguleika að kjósa beint úr bíl og 41 kjósandi báðu um atkvæðagreiðslu á dvalarstað. Á heildina litið voru mun fleiri kjósendur sem nú nutu aðstoðar við kosningu en við alþingiskosningarnar 2017 svo og við forsetakosningarnar 2020.

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarétt eftir þann tíma, hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.

Á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá birti í frétt þann 25. ágúst 2021 voru skráðir alls 254.681 kjósendur, eða 95 fleiri en á endanlegri kjörskrá að loknum kosningum. Á kjörskrárstofni árið 2021 voru 10.238 með lögheimili erlendis, eða 4,0% allra sem höfðu kosningarétt.

MYND 3

Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningunum 2021

	Kjósendur á kjörskrá	Fjöldi þingmanna	Kjósendur á hvern þingmann	Kjósendur á bak við þingmann miðað við hæstu tölu í kjördæmi
Allt landið	254.586	63	4.041	.
Norðvesturkjördæmi	21.541	8	2.693	47,5%
Norðausturkjördæmi	29.847	10	2.985	52,6%
Suðurkjördæmi	38.419	10	3.842	67,8%
Suðvesturkjördæmi	73.702	13	5.669	100%
Reykjavíkurborg	45.716	11	4.156	73,3%
Reykjavíkurborg norður	45.361	11	4.124	72,7%

Hagstofa Íslands

Kjósendur á kjörskrá

Við alþingiskosningarnar 25. september 2021 voru 254.586 manns á kjörskrá, eða 69,0% allra landsmanna. Í alþingiskosningum 2017 var þetta hlutfall 73,4%. Síðasta stóra breytingin á kosningarétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarétti rýmkaðir.

Kjósendur á hvern þingmann

Þó að kosningalögunum hafi verið breytt árið 2000 til að jafna stærð kjördæma urðu niðurstöður úr kosningunum 2003 og 2009 þær að um það bil helmingi færri kjósendur voru í fámennasta kjördæminu, Norðvesturkjördæmi, en því fjölmennasta, Suðvesturkjördæmi. Var fjöldi þingsæta í þessum kjördæmum breytt í kjölfarið.

Fjöldi kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti við alþingiskosningarnar árið 2013 gaf ekki tilefni til að breyta fjölda þingsæta fyrir næstu alþingiskosningar þ.e. árið 2016. Það sama átti við að loknum alþingiskosningum 2016 samanber auglýsingu landskjörstjórnar númer 927/2016.

Í kosningunum 2017 voru fæstir kjósendur á hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi, eða 2.690, en flestir kjósendur voru á hvern þingmann í Suðvesturkjördæmi, eða 5.350. Hlutfallið þarna á milli var


undir tveimur og gaf það samkvæmt ákvæðum kosningalaga ekki tilefni til að breyta fjölda þingsæta fyrir alþingiskosningar 2021. Gaf landskjörstjórn út auglýsingu þar að lútandi 7. nóvember 2017 (númer 944/2017).

Hins vegar kom í ljós eftir kosningarnar 25. september 2021 að breyta þarf fjölda þingmann milli kjördæma við næstu alþingiskosningar sem að öllu jöfnu fara fram árið 2025 (mynd 3). Verða þá sjö þingsæti í Norðvesturkjördæmi, sex kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en fjórtán í Suðvesturkjördæmi, tólf kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti. Í öðrum kjördæmum verður fjöldi þingsæta sá sem tilgreindur er í 9. grein nýrra kosningalaganna frá 20. apríl 2022.

MYND 4

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 1959–2021

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Kosningabátttaka

Kosningabátttaka 80,1%


Við alþingiskosningarnar 25. september 2021 greiddu atkvæði alls 203.898 kjósendur, eða 80,1% allra kosningabærra manna. Er þetta lægri kosningabátttaka en árið 2017 (mynd 4) þegar hún var 81,2%. Bátttaka kvenna var 81,5% en 78,7% hjá körlum fyrir landið í heild. Bátttökuhlutfall kvenna var heldur hærra en karla í öllum kjördæmum (mynd 5) og einnig hærra í 51 sveitarfélögum af 69. Frá og með þingkosningunum 1995 hefur kosningabátttaka kvenna verið meiri en karla en fram að því var bátttaka karla ætíð meiri en kvenna.

MYND 5

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2021

Eftir kyni og kjördæmum

■ Alls ■ Karlar ■ Konur



Hagstofa Íslands

Kosningabátttaka meiri á landsbyggð en höfuðborgarsvæði

Kosningabátttaka var mest í Norðvesturkjördæmi, 82,0%, en minnst í Suðurkjördæmi og Reykjavík suður, 78,8%. Í einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan hæst í Helgafellssveit (94,4%) en lægst í Reykjanesbæ (73,2 %). Kosningabátttaka á höfuðborgarsvæðinu öllu var 79,0% á móti 80,7% á landsbyggðinni. Var bátttaka kvenna hærri en karla í báðum tilvikum.


Kjörsókn eftir aldri

Eins og getið er nánar um á blaðsíðu 17 aflaði Hagstofa Íslands upplýsinga um kjörsókn eftir aldri við alþingiskosningarnar frá yfirkjörstjórnunum, á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Óskað var eftir upplýsingum um alla kjósendur.

MYND 6

Kosningabátttaka í alþingiskosningunum 2021

Eftir aldri og kyni



Hagstofa Íslands

Þátttakan eykst með hækkandi aldri

Kosningaþátttakan við alþingiskosningarnar var breytileg eftir aldri en jókst almennt með hækkandi aldri. Hún var minnst hjá aldurshópnum 20–24 ára (68,2%) og næst minnst hjá 25–29 ára (70,5%). Hæst var hlutfallið hjá 65–69 ára (90,5%) en lækkaði síðan með hækkandi aldri úr því. Þróunin var svipuð hjá körlum og konum hvað þetta varðar en konur voru með meiri þátttöku en karlar fram til 70–74 ára aldurs þegar þetta snérist við og þátttaka karla meðal þeirra eldri var meiri en kvenna (mynd 6). Athygli vekur að kosningaþátttaka hjá yngsta aldurshópnum 18–19 ára var hærri en hjá þeim aldurshópnum sem næstir þeim komu.

Samanburður á kjörsókn eftir aldri við alþingiskosningar 2016 og 2017 sýnir svipaða þróun og við alþingiskosningarnar 2021, en munurinn á þátttöku yngstu og elstu kjósenda var hlutfallslega mestur 2021 en minnstur 2017. Í heild var kosningaþátttakan 2016 79,2%, eða aðeins minni en alþingiskosningarnar 2017 (81,2%) og 2021 (80,1%).


Kjörsókn eftir aldri og kjördæmi

Sé litið á kosningaþátttökuna eftir þremur aldurshópum og kjördæmum, samanber mynd 7, sést að í þeim öllum eykst þátttakan með hækkandi aldri. Þátttaka 18–29 ára var minnst í Suðurlkjördæmi (66,1%) en mest í Norðvesturkjördæmi (75,6%). Sömu sögu var að segja af 30–39 ára þar sem kjörsóknin var einnig minnst í Suðurlkjördæmi (71,8%) og hæst í Norðvesturkjördæmi (81,6%). Þátttaka 40 ára og eldri reyndist vera yfir meðaltali kjörsóknar í öllum kjördæmunum.

MYND 7

Kosningaþátttaka í alþingiskosningunum 2021


Eftir aldri og kjördæmum



MYND 8

Kosningaþátttaka í alþingiskosningunum 2021

Eftir bakgrunni



Kosningabátttaka eftir bakgrunni

Í fyrsta sinn síðan Hagstofa Íslands hóf miðlun kosningaskýrsla er nú gerð greining á bakgrunni þeirra sem tóku þátt í alþingiskosningunum 2021. Kosningabátttakan var mest á meðal kosningabærra einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa, eða 83,0% (mynd 8). Næst mesta bátttaka var hjá þeim sem eru fæddir erlendis en báðir foreldrar fæddust á Íslandi (76,1%). Kosningabátttakan var minni hjá einstaklingum sem fæddir eru á Íslandi með annað foreldri sem fæddist erlendis (69,6%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis, með annað foreldri erlent (55,3%). Minnst var kosningabátttakan hjá þeim sem fæddust á Íslandi en með báða foreldra sem fæddust erlendis (49,2%) og meðal innflytjenda eða 42,1%. Innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.

Kjørsókn eftir aldri og stærð sveitarfélaga

Á heildina litið var mynstrið það sama í mismunandi stærð sveitarfélaga, kosningabátttakan jókst með hækkandi aldri. Var bátttakan minnst í fjölmennasta sveitarfélaginu, Reykjavík (78,8%) en mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (85,0%). Í aldurshópi 18–29 ára var bátttakan minnst í sveitarfélögum með 5.000–9.999 íbúa (67,7%). Í aldurshópi 18–29 ára var kjørsóknin hins vegar mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (72,8%) en hjá 30–39 ára var hún mest í sveitarfélögum með 2.000–4.999 íbúum (79,3%). Hjá 40 ára og eldri (89,0%) var kosningabátttakan mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (89,6%).

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða getur ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, samanber 56. greinar kosningalaga (númer 24/2000).


23,4% atkvæða utan kjörfundar

Af þeim sem greiddu atkvæði í þingkosningunum 2021 skiluðu 47.696 manns atkvæði sínu utan kjörfundar, eða 23,4% kjósenda (mynd 9). Í alþingiskosningum 2017 var hlutfallið 18,6%. Fleiri konur en karlar greiddu atkvæði utan kjörfundar, 24,0% á móti 22,7% karla, en í alþingiskosningum 2017 voru karlar fleiri. Hæst var hlutfallið í Suðvesturkjördæmi 25,4% en lægst 19,4% í Suðurkjördæmi. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af kjósendum á kjörskrá var 18,7% samanborið við 15,1% í alþingiskosningum árið 2017.

MYND 9

Utankjörfundaratkvæði í alþingiskosningum 2003-2021

Eftir kyni



Framboðslistar og frambjóðendur


11 stjórnmalasamtök buðu fram

Í alþingiskosningunum 2021 buðu alls 11 stjórnmalasamtök fram lista sína, þar af tíu í öllum kjördæmunum sex. Til samanburðar buðu árið 2017 níu stjórnmalasamtök fram í öllum kjördæmum. Samtökin sem buðu fram 2021 voru: Framsóknarflokkur (B), Viðreisn (C), Sjálfstæðisflokkur (D), Flokkur fólksins (F), Sósíalístaflokkur Íslands (J), Miðflokkurinn (M), Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O), Píratar (P), Samfylkingin (S), Vinstrihreyfingin — grænt framboð (V) og Ábyrg framtíð (Y).

MYND 10

Frambjóðendur til alþingiskosninga 1987-2021

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Fleiri karlar en konur í framboði

Boðnir voru fram 61 framboðslistar á landinu öllu í kosningunum 2021 samanborið við 59 í kosningum 2017. Frambjóðendur voru alls 1.282 og skiptust þeir í 677 karla og 605 konur. Hlutfall karla af frambjóðendum var 52,8% en kvenna 47,2% sem er 2,6% hærra hlutfall kvenna en í kosningunum 2017 þegar hlutur þeirra var 44,6% (mynd 10). Einungis einu sinni hafa konur verið fleiri en karlar meðal frambjóðenda en það var í alþingiskosningunum 1995.

Höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Karlar voru í meirihluta allra frambjóðenda á lista bæði á höfuðborgarsvæði (52,5%) og landsbyggð (53,2%). Það sama átti við um frambjóðendur í 1.–3. sæti á landsbyggðinni en þar var hlutfall karla 54,4%. Hins vegar reyndist hlutfall kvenna meðal frambjóðenda í 1.–3. sæti vera hærra en karla á höfuðborgarsvæðinu, 50,5%. Höfuðborgarsvæðið er í þessu samhengi skilgreint sem kjördæmin þrjú Reykjavík norður, Reykjavík suður og Suðvesturkjördæmi og Landsbyggðin samanstendur af Norvestur, Norðaustur og Suðurstkjördæmi.

Frambjóðendur eftir stjórnmálasamtökum

Skipting frambjóðenda eftir kyni var nokkuð mismunandi eftir stjórnmálasamtökum. Hæst var hlutfall kvenna hjá Samfylkingunni eða 53,2% (mynd 11). Almennt má segja að kynjaskiptingin hafi verið nokkuð jöfn hjá sjö flokkum eða á bilinu 47%–51% en það var hjá Vinstrihreyfingunni grænu framboði (50,8%), Framsókn (50%), Viðreisn (50%), Sjálfstæðisflokkur (48,4%), Flokkur fólksins (48,4%), Sósíalistaflokkur Íslands (48,4%) og Miðflokkur (47,6%). Hlutfur kvenna var minni hjá Pírötum (42,9%), Ábyrgri framtíð (36,4%) og Frjálslynda lýðræðisflokknum (34,1 %).

MYND 11

Frambjóðendur í alþingiskosningunum 2021

Eftir kyni og stjórnmálasamtökum

Samfylkingin (S)	46,8%	53,2%
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	49,2%	50,8%
Framsóknarflokkur (B)	50,0%	50,0%
Viðreisn (C)	50,0%	50,0%
Sjálfstæðisflokkur (D)	51,6%	48,4%
Flokkur fólksins (F)	51,6%	48,4%
Sósíalistaflokkur Íslands (J)	51,6%	48,4%
Miðflokkurinn (M)	52,4%	47,6%
Píratar (P)	57,1%	42,9%
Ábyrg framtíð (Y)	63,6%	36,4%
Frjálslynda lýðræðisflokkurinn (O)	65,9%	34,1%

 Hagstofa Íslands

Þegar skoðuð er skipting frambjóðenda í 1.–3. sæti eftir kyni kemur í ljós að hún er mismunandi (mynd 12). Þá reyndist hlutfall kvenna vera hæst í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði (66,7%) og Samfylkingunni (61,1%). Hlutfall kvenna var aðeins lægra hjá Framsókn eða 55,6%. Hjá þremur stjórnmálasamtökum reyndist hlutfallið vera 50% en það var hjá Viðreisn, Sósíalistaflokkur Íslands og Miðflokkur. Hjá fimm flokkum voru karlar í meirihluta frambjóðenda í 1.–3. sæti en það voru Sjálfstæðisflokkur (55,6%), Flokkur fólksins (55,6%), Píratar (55,6%), Frjálslynda lýðræðisflokkurinn (77,8 %) og Ábyrg framtíð (100%).

Meðalaldur frambjóðenda var 49,8 ár


Meðalaldur frambjóðenda á kjördag 25. september 2021 var 49,8 ár, meðalaldur karla 51,6 ár og kvenna nokkru lægri eða 47,7 ár (mynd 13). Af stjórnmálasamtökum var meðalaldur frambjóðenda hæstur hjá Frjálslynda lýðræðisflokknum og Flokkur fólksins 59,0 ár og lægstur hjá Pírötum 43,2 ár. Meðalaldur frambjóðenda var hæstur í Suðurkjördæmi (50,7 ár) en lægstur í Norðvesturkjördæmi (48,5 ár) (mynd 13). Meðalaldur karla var hærri en kvenna hjá níu samtökum af 11 sem buðu fram. Tæplega sex af hverjum 10 frambjóðendum í heild var á aldrinum 30–59 ára (mynd 14). Yngstu frambjóðendurnir voru 18 ára en sá elsti 95 ára.

MYND 12

Frambjóðendur í 1.-3. sæti í alþingiskosningunum 2021

Eftir kyni og stjórnmálasamtökum

■ Karlar ■ Konur



Hagstofa Íslands

MYND 13

Meðalaldur frambjóðenda í alþingiskosningunum 2021

Eftir kyni og stjórnmálasamtökum

	Alls	Karlar	Konur
Alls	49,8	51,6	47,7
Framsóknarflokkur (B)	46,3	47,2	45,3
Viðreisn (C)	45,8	47,4	44,1
Sjálfstæðisflokkur (D)	44,9	47,7	41,9
Flokkur fólksins (F)	59,0	61,4	56,3
Sósíalistaflokkur Íslands (J)	49,1	50,0	48,2
Miðflokkurinn (M)	51,8	53,8	49,6
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	59,0	58,2	60,5
Píratar (P)	43,2	45,2	40,6
Samfylkingin (S)	49,4	52,5	46,7
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	48,8	51,7	46,0
Ábyrg framtíð (Y)	52,5	49,4	57,9

Hagstofa Íslands


Staða frambjóðenda

Á framboðslistum var staða frambjóðenda tilgreind sérstaklega. Af öllum frambjóðendum 1.282 töldust 1.059 starfandi og voru störf þeirra flokkuð í níu flokka á grundvelli Ístarf95 starfaflokkunarkerfisins. Aðrir frambjóðendur voru alls 223 og skiptist staða þeirra í fernt; ekki á vinnumarkaði (123) (t.d. öryrkjar, lífeyrisþegar, heimavinnandi, fyrrverandi starfsmenn í tilgreindu starfi), námsmenn (84), atvinnulausir (1) og ótilgreint (15).

MYND 14

Aldursdreifing frambjóðenda í alþingiskosningunum 2021

Karlar Konur



Hagstofa Íslands

30,7% frambjóðenda sérfræðingar

Alls störfuðu 394 (30,7%) frambjóðendur sem sérfræðingar og 262 (20,4%) voru stjórnendur og embættismenn, þar af voru 38 frambjóðendur skráðir alþingismenn á síðasta kjörtímabili. Þriðja stærsta starfsstéttin meðal frambjóðenda var sérmenntað starfsfólk en í henni voru 109 frambjóðendur (8,5%) og sú fjórða algengasta var þjónustu- og verslunarfólk (8,3%).

Þegar hópur 1.059 starfahlokkanna frambjóðenda er borinn saman við hlutfallslega skiptingu starfandi af mannfjölda árið 2021 kemur í ljós að hlutfall stjórnenda, embættismanna og sérfræðinga er tvöfalt hærra meðal frambjóðenda samanborið við sömu flokkun á íslenskum vinnumarkaði. Hins vegar var hlutfall frambjóðenda í flestum öðrum starfahlokkum mun lægra í samanburði við sömu starfahlokka á vinnumarkaðnum.

Hlutfall karla og kvenna sem skráðir voru stjórnendur og embættismenn var jafnt hjá frambjóðendum en hlutfall kvenna sem sérfræðinga var hærra en karla (mynd 15). Konur voru einnig fjölmennari en karlar meðal sérmenntaðs starfsfólks sem og hjá þjónustu- og verslunarfólki. Hlutfallið var körlum í vil í flestum hinna flokkanna.

MYND 15

Staða frambjóðenda við alþingiskosningarnar 2021

	Alls	Karlar	Konur
Stjórnendur og embættismenn	20,4%	20,7%	20,2%
Sérfræðingar	30,7%	26,0%	36,0%
Sérmenntað starfsfólk	8,5%	7,7%	9,4%
Skrifstofufólk	1,5%	1,0%	2,0%
Þjónustu- og verslunarfólk	8,3%	7,8%	8,8%
Bændur og fiskimenn	4,5%	6,6%	2,1%
Iðnaðarmenn	4,9%	9,0%	0,3%
Véla- og vélgæslufólk	1,4%	2,5%	0,2%
Ósérhæft starfsfólk	2,3%	2,8%	1,8%
Ekki á vinnumarkaði	9,6%	10,9%	8,1%
Atvinnulausir	0,1%	0,0%	0,2%
Námsmenn	6,6%	4,6%	8,8%
Ótilgreint	1,2%	0,3%	2,1%

 Hagstofa Íslands

Úrslit kosninganna 25. september 2021

Niðurstöður landskjörstjórnar

Í alþingiskosningunum 2021 voru greidd atkvæði alls 203.978 samkvæmt skýrslu landskjörstjórnar um úrslit kosninganna. Gild atkvæði voru þar talin 199.730, auðir seðlar 3.731 og aðrir ógildir seðlar 517.

Mismunur greiddra atkvæða og talinna atkvæða

Samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna til Hagstofu um kosningaþátttöku var fjöldi greiddra atkvæða á kjörfundi og utan kjörfundar alls 203.898 eða 80 atkvæðum færri en talin atkvæði samkvæmt úrslitum kosninganna. Mesta ósamræmið milli landskjörstjórnar og aðsendra skýrsla til Hagstofu var að finna í Suðurlandshéraði (106) en mismunur var einnig að finna í Reykjavík norður (-25) og Reykjavík suður (-1).

Endanleg úrslit

Að teknu tilliti til úrskurðar kjörbréfanefndar var heildarfjöldi gildra atkvæða 199.730 og ógildra atkvæða 4.248, þar af 3.731 auð og 517 ógild. Niðurstöðurnar sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir eru að teknu tilliti til úrskurðar um ágreiningsatkvæðin.

Átta stjórnálagssamtök með kjörna þingmenn

Átta af þeim 11 stjórnálagssamtökum sem buðu fram fengu þingmenn kjörna. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut flest atkvæði á landinu öllu, 48.708, en það jafngildir 24,4% af öllum gildum atkvæðum og fékk hann 16 þingmenn kjörna (mynd 16). Framsóknarflokkurinn fékk 34.501 atkvæði, 17,3% og 13 þingmenn. Vinstrihreyfingin – grænt framboð fékk 25.114 atkvæði, 12,6% og 8 þingmenn.

Samfylkingin fékk 19.825 atkvæði, 9,9% og 6 þingmenn kjörna. Flokkur fólksins fékk 17.672 atkvæði, 8,8% og sex menn kjörna. Píratar fengu 17.233 atkvæði, 8,6% og sex þingmenn. Viðreisn, fékk 16.628 atkvæði, 8,3% og fimm þingmenn. Miðflokkurinn fékk 10.879 eða 5,4% og 3 menn kjörna. Önnur stjórnmalasamtök, þrjú talsins, fengu hvert um sig minna en 5% gilda atkvæða og því engan mann kjörinn (5% er lágmark til að fá þingmann kjörinn) en samtals fengu þau 9.170 atkvæði (4,6%).

MYND 16

Úrslit alþingiskosninga 2013-2021

	A	B	C	D	F	J	M	P	S	V	Aðrir
2013	8,2%	24,4%	-	26,7%	-	-	-	5,1%	12,9%	10,9%	11,8%
2016	7,2%	11,5%	10,5%	29,0%	3,5%	-	-	14,5%	5,7%	15,9%	2,2%
2017	1,2%	10,7%	6,7%	25,2%	6,9%	-	10,9%	9,2%	12,1%	16,9%	1,4%
2021	-	17,3%	8,3%	24,4%	8,8%	4,1%	5,4%	8,6%	9,9%	12,6%	0,5%

 Hagstofa Íslands

Fylgibreytingar

Nokkur breyting varð á fylgi stjórnmalasamtaka í alþingiskosningunum 2021 miðað við alþingiskosningar 2017. Þrenn samtök bættu hlutfallslegt fylgi sitt, þ.e. Framsóknarflokkur, Flokkur fólksins og Viðreisn. Fimm samtök sem voru með þingmenn kjörna 2017 töpuðu fylgi, þ.e. Miðflokkurinn, Vinstrihreyfingin - grænt framboð, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Píratar. Ein samtök, Sósíalistaflokkur Íslands, voru nálægt því að fá þingmenn kjörna 2021 en þau hlutu 4,1% fylgi.

Fylgi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Fylgi Framsóknarflokks og Miðflokks var hlutfallslega um það bil helmingi meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Fylgi Pírata, Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var hins vegar meira á höfuðborgarsvæði en landsbyggð.

Auð atkvæði 1,8% og önnur ógild atkvæði 0,3%

Greidd atkvæði í alþingiskosningum skiptast í gild atkvæði, auða seðla og ógilda. Kosningabátttaka reiknast út frá greiddum atkvæðum í heild en fylgi stjórnmalasamtaka út frá gildum atkvæðum. Ævinlega verður nokkur fjöldi greiddra atkvæða ógildir í kosningum ýmist sökum þess að kjósandi skilar auðum seðli eða ómerkir hann viljandi eða af vangá. Í alþingiskosningum 2021 skiluðu 3.731 kjósendur auðum seðlum en það samsvarar 1,8% greiddra atkvæða (mynd 17). Þá töldust 517 atkvæðaseðlar ógildir sem jafngildir 0,3% greiddra atkvæða. Samanlögð tala auðra og ógilda atkvæða var því 3.731 eða 2,1% greiddra atkvæða. Er þetta heldur lægra hlutfall en í alþingiskosningunum 2017 (2,8%) en það var 2,3% að meðaltali í alþingiskosningunum 2003–2016. Árið 2021 var hlutfall auðra seðla 1,4% til 2,5% eftir kjördæmum og hlutfall ógilda atkvæða á bilinu 0,2% til 0,4%.

MYND 17

Gildir seðlar, auðir og ógildir í alþingiskosningum 2013-2021

	Gild atkvæði	Auðir seðlar	Ógildir seðlar
2013	97,5%	2,2%	0,3%
2016	97,2%	2,5%	0,3%
2017	97,3%	2,4%	0,4%
2021	97,9%	1,8%	0,3%

 Hagstofa Íslands

Kjörnir þingmenn

Úthlutun þingsæta

Þingmönnum fjölgaði úr 60 í 63 í alþingiskosningunum 1987 á grundvelli breytingar á stjórnarskránni árið 1984. Hefur sá fjöldi þingmanna haldist síðan þrátt fyrir að kosningalög hafi verið endurskoðuð á tímabilinu. Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 kveða hins vegar á um breytta skipan við úthlutun þingsæta en fyrst var kosið eftir þeim lögum í alþingiskosningunum 2003. Mynd 18 sýnir úthlutun þingsæta sem í gildi var fyrir alþingiskosningarnar 2021 en eins og fram kemur á blaðsíðu fjögur verður breyting gerð þar á í væntalegum kosningum 2025 samkvæmt 9. grein í nýjum kosningalögum nr. 112/2022. Verða þá sjö þingsæti í Norðvesturkjördæmi, sex kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en fjórtán í Suðvesturkjördæmi, tólf kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti.


Konum á Alþingi fjölgar

Af 63 þingmönnum sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 2021 voru 27 nýir þingmenn, það er þeim hafði ekki verið úthlutað þingsæti með kjörbréfi eftir alþingiskosningar 2017. Kjörnir voru 33 karlar (52,4%) og 30 konur (47,6%) og fjölgaði um sex konur meðal þingmanna frá kosningunum 2017 (mynd 19). Fjöldi þeirra jafngildir 91 konu á hverja 100 kjörna karla en hlutfallið var 62 árið 2017.

MYND 18

Úthlutun þingsæta í alþingiskosningunum 2021

Eftir kjördæmum og skiptingu kjördæmissæta og jöfnunarsæta




Hagstofa Íslands

MYND 19

Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1979-2021

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Hlutfall kvenna á þingi var 5% árið 1974 en 47,6% 2021

Árið 1974 voru þrjár konur kjörnar á þingi (5%) og fjölgaði þeim ekki fyrr en árið 1983 er nú konur voru kjörnar, en það samsvaraði 15% þingmanna. Hlutfall kvenna á þingi hækkaði síðan smám saman fram til ársins 1999 þegar 22 konur voru kjörnar, eða 35% allra þingmanna. Síðan hefur konum á Alþingi ýmist fækkað eða fjölgað en flestar hafa þær orðið 30 (47,6%) við alþingiskosningar 2016 og 2021. Konum fækkaði í alþingiskosningum 2017 en þá voru þær 24 (38,1%).


Tæplega tveir af hverjum þremur þingmönnum 40–59 ára

Sé lítið á aldursskiptingu kjörinna þingmanna við alþingiskosningarnar 2021 kom í ljós að þrír þingmenn voru undir þrítugu, einn karl og tvær konur, en tveir í alþingiskosningum 2017. Tíu þingmenn voru 30–39 ára (15,9%). Tæplega tveir af hverjum þremur þingmönnum voru 40–59 ára (66,7% karla og 63,3% kvenna) og 14,3% þingmanna var 60 ára og eldri, (21,2% karla og 6,7% kvenna) (mynd 20).

MYND 20

Kjörnir þingmenn 2021

Eftir kyni og aldri




Hagstofa Íslands

MYND 21

Kjörnir þingmenn 2021

Eftir kyni og stjórnmálasamtökum

■ Karlar ■ Konur



Hagstofa Íslands


Yngsti þingmaðurinn 25 ára og sá elsti 72 ára

Meðalaldur þingmanna sem kjörnir voru við alþingiskosningarnar 2021 var 48,5 ár, samanborið við 49,4 ár í alþingiskosningum 2017. Meðalaldur kjörinna karla var 51,7 ár og kvenna 45,1 ár árið 2021. Meðalaldur varaþingmanna var hins vegar nokkru lægri eða 49,4 ár hjá körlum og 43,1 ár hjá konum. Meðalaldur kjörinna þingmanna var hæstur 52,0 ár í Suðurlandskjördæmi en lægstur 44,5 ár í Reykjavíkurborgkjördæmi norður. Yngsti þingmaðurinn var 25 ára og sá elsti 72 ára á kjördag.

MYND 22

Kjörnir þingmenn og varaþingmenn 2003-2021

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Hluttur kjörinna kvenna 0–66,7% eftir flokkum

Hluttur kynja meðal þingmanna var breytilegur eftir stjórnmálaflokkum. Hluttur kvenna var lægstur 0% í Miðflokknum og hæstur tæp 67% hjá Samfylkingunni. Hjá þremur stjórnmálasamtökum voru fleiri konur en karlar meðal þingmanna en því var öfugt farið hjá fjórum samtökum. Hjá einum flokki, Viðreisn, var fjöldi kvenna og karla jafn (mynd 21).


Karlar meirihluti þingmanna en konur meirihluti varaþingmanna

Við úrslit alþingiskosninganna 2021 voru jafnmargir þingmenn af hvoru kyni kjörnir í Norðausturkjördæmi. Fleiri konur en karlar voru kjörnar í Reykjavíkurborgkjördæmi suður en í hinum fjórum kjördæmunum var þessu öfugt farið og í Suðurborgkjördæmi þar sem hlutfall karla var 69,2% (mynd 22).

MYND 23

Varaþingmenn í alþingiskosningunum 2021

Eftir kyni og kjördæmum



Hagstofa Íslands

Skipting varáþingmanna eftir kyni var á annan veg því að í þeim hópi voru konur í meirihluta, eða 34 (54,0%) og karlar 26 (46,0%) (mynd 23). Sé fjöldi þingmanna og varáþingmanna tekinn saman var fjöldi karla 62 og kvenna 64. Eins og áður er getið voru fleiri karlar en konur í framboði í kosningunum 2021 en hlutfall karla var 52,8% og kvenna 47,2%.

Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir bakgrunni

Flestir kjörnir alþingismenn teljast til einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa, eða 93,7%. Því næst koma alþingismenn sem tilheyra flokknum fæddist erlendis, báðir foreldrar fæddust á Íslandi (3,2%). Fjöldi þingmanna er minni hjá einstaklingum sem fæddust á Íslandi, en með annað foreldri fætt erlendis (1,6%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis, með annað foreldri fætt erlendis (1,6%). Engir alþingismenn tilheyra flokkunum fæddist á Íslandi, báðir foreldrar fæddust erlendis og innflytjendur (mynd 24).

MYND 24

Frambjóðendur og kjörnir þingmenn 2021

Eftir bakgrunni

	Frambjóðendur	Þingmenn og varáþingmenn	Alþingismenn	Varáþingmenn
Enginn erlundur bakgrunnur	90,7%	92,1%	93,7%	90,5%
Fæddist á Íslandi, annað foreldri fæddist erlendis	2,2%	0,8%	1,6%	0,0%
Fæddist á Íslandi, báðir foreldrar fæddust erlendis	0,2%	0,8%	0,0%	1,6%
Fæddist erlendis, báðir foreldrar fæddust á Íslandi	1,8%	3,2%	3,2%	3,2%
Fæddist erlendis, annað foreldri fæddist erlendis	1,2%	1,6%	1,6%	1,6%
Innflytjandi	3,8%	1,6%	0,0%	3,2%

Um gögnin

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“

Í aðdraganda alþingiskosninganna 25. október 2021 lét Hagstofa Íslands kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum kjördæma í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnnum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar.

Upplýsinga aflað um aðstoð við kosningu

Hagstofa aflaði jafnframt upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar samanber lög nr. 111/2012 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Alþingi samþykkti 16. maí 2014 þingsályktun (númer 33/143) um að fela forsætisráðherra að hlutast til um að Hagstofa Íslands kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014. Að fengnum tilmælum forsætisráðuneytis voru 2014 ákvað Hagstofan að standa að úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga eftir aldri til viðbótar hefðbundinni gagnasöfnun við sveitarstjórnarkosningarnar vegna kosningaskýrslna Hagstofunnar.

Með vísan til áður nefndrar þingsályktunar sendi Hagstofa nú við alþingiskosningarnar eins og við forsetakjör 2016 og alþingiskosningar 2017, rafræn skráningarskjöl til yfirkjörstjórna kjördæma með ósk um að þau yrðu fyllt út að kosningum loknum og send Hagstofu rafrænt. Leitast var við að minnka svarbyrði kjörstjórna og að hafa persónuverndarsjónarmið í fyrirrúmi við söfnun upplýsinga og úrvinnslu.

Nokkur skekkja reyndist vera í kjörsókn eftir aldri þegar þær voru bornar saman við grunnskýrslur frá yfirkjörstjórnnum hvað kosningabátttöku varðar. Þannig reyndist kosningabátttakan eftir aldri vera 0,2% hærri yfir landið í heild en hún í raun var miðað við grunntölur frá yfirkjörstjórnnum. Munaði þar mestu um skekkju í tölum frá Norðvesturkjördæmi en þar reiknaðist kosningabátttakan eftir aldri vera 3,9% hærri en hún í raun var miðað við grunntölur yfirkjörstjórnar. Skekkjan reyndist vera lægri í öðrum kjördæmum; 0,3% í Norðaustur, -0,3% í Suður, 0,1% í Suðvestur, 0,8% í Reykjavík norður og -0,3% í Reykjavík suður. Sama skekkja er undirliggjandi í gögnum um kosningabátttöku eftir bakgrunni.

Hagstofa Íslands fékk lista yfir frambjóðendur, skýrslur yfirkjörstjórna og greinargerð um úrslit kosninganna frá landskjörstjórn vegna skýrslugerðarinnar. Auk þess fékk Hagstofan afrit af fundargerð úthlutunarnefndar landskjörstjórnar frá 1. október 2021 varðandi lokaniðurstöður kosninganna.

English summary

General elections to the Icelandic parliament, Althingi, were held on 25 September 2021 under Act No 24 from May 2000. There are now six constituencies of which two are in Reykjavík. The total number of voters on the electoral roll was 254,586 or 69.0% of the total population. Participation of voters in the general elections was 203,898 or 80.1% of the total number of voters on the electoral roll. Participation of female voters was slightly higher than that of male voters or 81.5% women compared with 78.7% men. The participation varied by age, it was lower among young voters than the older ones.

A total of eleven political organisations offered candidate lists in the elections, thereof ten in all constituencies. Of the 1,282 candidates, there were 677 men (52.8%) compared with 605 women (47.2%). Almost half of the candidates in the first place of the lists were women (45.9%), but their percentage was somewhat higher for the 2nd and 3rd places or 49.2%. The proportion of elected female members was 47.6%, an increase from 38.1% in the general elections in 2017.

A total of 63 members were elected to Althingi in the general elections on 25 September 2021, 33 men and 30 women. Other results of the general elections were as follows: The Progressive Party (B) received 17.3% of the valid votes and thirteen elected members, Reform (C) 8.3% and five members, the Independence Party (D) 24.4% of votes and 16 elected members, the People's Party (F) 8.8% and six members, the Centre Party, 5.4% and three members, the Pirate Party (P) received 8.6% of valid votes and six elected members, the Social Democratic Alliance (S) 9.9% and six elected members and the Left Green Movement (V) 12.6% of valid votes and eight elected members. Other political organisations did not receive the minimum of 5% of votes to have a member elected. Together they received 4.6% of valid votes.

FIGURE 1

Results of general elections to the Althingi 2021

By constituency




FIGURE 2

Voters receiving assistance in general elections 25 September 2021




FIGURE 3

Voters on the electoral roll in general elections per member of the Althingi 2021




FIGURE 4

Participation in elections to the Althingi 1959–2021

By sex




FIGURE 5

Participation in general elections 2021

By sex and constituency

■ Total ■ Males ■ Females




FIGURE 6

Participation in general elections 2021

By sex and age




FIGURE 7

Participation in general elections 2021

By age and constituency




FIGURE 8

Participation in the general elections 2021

By background






FIGURE 9
Absentee votes in general elections to the Althingi 2003-2021
By sex




Statistics Iceland

FIGURE 10
Candidates in general elections 1987-2021
By sex




Statistics Iceland

FIGURE 11
Candidates in general elections 2021
By sex and political organization




Statistics Iceland

FIGURE 12
Candidates in 1st-3rd place on lists in general elections 2021
By sex and political organization




Statistics Iceland

FIGURE 13
Average age of candidates in the general elections 2021
By political organization and sex



Statistics Iceland


FIGURE 14
Candidates in general elections 2021
By sex and age



Statistics Iceland

FIGURE 15


Occupation of candidates in the general elections 2021



Statistics Iceland

FIGURE 17

Valid, blank and void ballots in general elections to the Althingi 2013-2021



Statistics Iceland

FIGURE 16

Voting results 2013-2021

By political organizations

	A	B	C	D	F	J	M	P	S	V	Others
2013	8.2%	24.4%	-	26.7%	-	-	-	5.1%	12.9%	10.9%	11.8%
2016	7.2%	11.5%	10.5%	29.0%	3.5%	-	-	14.5%	5.7%	15.9%	2.2%
2017	1.2%	10.7%	6.7%	25.2%	6.9%	-	10.9%	9.2%	12.1%	16.9%	1.4%
2021	-	17.3%	8.3%	24.4%	8.8%	4.1%	5.4%	8.6%	9.9%	12.6%	0.5%

Statistics Iceland

FIGURE 18

Allocation of parliamentary seats 2021

By constituency and seat division


	Seats total	Seats allocated by constituency	Adjustment seats
Whole country	63	54	9
Northwest	8	7	1
Northeast	10	9	1
South	10	9	1
Southwest	13	11	2
Reykjavik south	11	9	2
Reykjavik north	11	9	2

Statistics Iceland

FIGURE 19

Elected members to Althingi 1979-2021

By sex



Statistics Iceland

FIGURE 20

Elected members to the Althingi 2021

By sex and age

	Total	Males	Females
18-29 years	4.8%	3.0%	6.7%
30-39 years	15.9%	9.1%	23.3%
40-49 years	30.2%	27.9%	33.3%
50-59 years	34.9%	39.4%	30.0%
60-69 years	12.7%	18.2%	6.7%
70-79 years	1.6%	3.0%	0.0%

Statistics Iceland

FIGURE 21

Elected members to the Althingi 2021

By sex and political organisation

	Males	Females
Total	52.4	47.6
The Social Democratic Alliance (S)	33.3	66.7
The Left - Green Movement (V)	37.5	62.5
Reform (C)	40	60
Pirate Party (P)	50	50
Progressive Party (B)	53.8	46.2
Independence Party (D)	56.3	43.8
People's Party (F)	66.7	33.3
The Central Party (M)	100	

Statistics Iceland

FIGURE 22

Elected members of parliament in the general elections to Althingi 2021

By sex ratio and constituency


	Males	Females
Total	52.4%	47.6%
Northwest	62.5%	37.5%
Northeast	50.0%	50.0%
South	60.0%	40.0%
Southwest	69.2%	30.8%
Reykjavik south	27.3%	72.7%
Reykjavik north	45.5%	54.5%

Statistics Iceland

FIGURE 23

Substitutes in the general election 2021

By constituency and sex



Statistics Iceland

FIGURE 24

Candidates and elected members to the Althingi 2021

By origin

	Candidates	Members of Althingi and substitutes	Members of Althingi	Substitutes
No foreign background	90.7%	92.1%	93.7%	90.5%
Born in Iceland, one parent born abroad	2.2%	0.8%	1.6%	0.0%
Born in Iceland, both parents born abroad	0.2%	0.8%	0.0%	1.6%
Born abroad, both parents born in Iceland	1.8%	3.2%	3.2%	3.2%
Born abroad, one parent born abroad	1.2%	1.6%	1.6%	1.6%
Immigrant	3.8%	1.6%	0.0%	3.2%

Statistics Iceland

Hagtíðindi Kosningar

Statistical Series Elections

107 árg. • 9. tbl. 21. desember 2022

ISSN 1670-4770 Umsjón Supervision

Brynjólfur Sigurjónsson • Brynjolfur.Sigurjonsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is • www.statice.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.